

## Útisvæði við leikskólann Árbæ á Selfossi



### María Ösp Ómarsdóttir

Í september 2024 efndu Samtök áhugafólks um skólaþróun til samkeppni um áhugavert námsumhverfi. Meðal þeirra sem sendu framlag var María Ösp Ómarsdóttir leikskólastjóri í leikskólanum Árbæ á Selfossi. María Ösp tilnefndi útileiksvæði við leikskólann.

Leikskólinn Árbær á sér sögu frá árinu 2002 er hann hóf starfsemi. Leikskólinn var stækkaður árið 2006 og er nú með sex kjarna. Frá því í ágúst á þessu ári 2024 hefur leikskólinn verið rekinn af Hjallastefnunni. Leikskólastjórinn María Ösp Ómarsdóttir kom til starfa í leikskólanum 1. nóvember 2023 og fljótlega vaknaði sú hugmynd að gera breytingar á útisvæði leikskólans. Leiksvæðið var orðið lúíð og var ekki í anda Hjallastefnunnar, en einn af grunnþáttum Hjallastefnunnar er opinn efniviður; leik- og námsefni sem ekki hefur eina lausn eða hlutverk, heldur hefur marga athafnakosti og getur þjónað mismunandi tilgangi eftir því hver meðhöndlar hann.

Hafist var handa við breytingarnar á útileiksvæði Árbæjar í febrúar 2024. Í fyrstu voru það Linda Mjöll Stefánsdóttir og Daníel Hjörtur Sigmundsson sem fylgdu verkefninu úr hlaði. Verkefnið er hugsað sem þróunarverkefni til langs tíma í samstarfi kennara, foreldra og barna. Markmiðið er að til verði náttúrulegt, skapandi og sjálfbært leiksvæði þar sem tækifæri eru til ræktunar á matvælum og til heilsdags útináms. Þá er leitast við að skapa kjöraðstæður til sjálfbærinnáms Síðast en ekki síst að styrkja tengsl leikskólans við fjölskyldur barnanna með þátttöku þeirra í mótun útisvæðisins.



Skipuð var verkefnastjórn sem í sitja Linda Mjöll Stefánsdóttir, María Ösp Ómarsdóttir og Margarita Hamatsu. Verkefnið var kynnt fyrir starfsfólki á skipulagsdegi leikskólans í febrúar 2024 og hafist var handa við hugmyndavinnu og umræðuhópar stofnaðir. Þannig var lagður grunnur að hönnun útisvæðisins og í framhaldi af því hófst eiginleg vinna við breytingarnar. Í mars var haldinn kynningarfundur fyrir foreldra þar sem farið var yfir hugmyndafræðina og ferlið útskýrt. Á þeim fundi gafst foreldrum færi á að taka þátt í hugmyndavinnu og rætt var um væntanlegt framlag fjölskyldna í mótun útisvæðisins.

Í apríl voru svo öll leiktæki fjarlægð af lóðinni og uppbygging hófs. Í fyrstu var ákveðið að byggja 30 fermetra útikennslustofu með opnanlegum veggjum og hlera. Hönnun og hugmyndavinna var í höndum Lindu Mjallar og Daníels Hjartar í samvinnu við Rafael Cao Romero Millan og Hermann Georg Gunnlaugsson, landslagsarkitekt.. Um smíðina sá Daníel Hjörtur sem fór fram í júlí þegar leikskólinn var í sumarleyfi.

Húsið er byggt úr efnivið frá skógræktinni í Þjórsárdal, veggirnir eru klæddir með endurnýttum efnivið, öryggisgler í gluggum, gægjugöt og leynigöng eru úr þurrkarahlerum.



GÆJUGÖTIN OG LEYNIGÖNGIN ERU VINSÆL!

Útisvæðið er nýtt daglega af börnunum og hópstjórum þeirra auk þess sem börnin geta valið útisvæðið utan hópstarfs tvisvar á dag. Nú er útileiksvæðið vinsælasta valsæðið.





Mörg útileiksvæðin eru enn í þróun, en hér má sjá myndir frá „drullusvæði“.



Skapandi smiðja er í þróun og tekur breytingum eftir árstíðum.





Um þróun svæðisins í framtíðinni segir María Ösp:

*Þróun útisvæðisins í Árbæ mun halda áfram næstu árin og munu spor og leikur barnanna á hverjum tíma leiða okkur áfram á þeirri vegferð. En það eru einmitt þau sem ráða ferðinni í samstarfi við fjölskyldur og starfsfólk leikskólans. Það sem næst er á dagskrá er að safna fyrir gróðurhúsi og setja upp með fjölskyldum og eru börnin nú þegar farin að rækta upp græðlinga sem munu eignast nýtt heimili þar.*

María Ösp Ómarsdóttir er fimm barna móðir, leikskólastýra og frumkvöðull. Hún er grunnskólakennari að mennt og útskrifaðist frá Háskólanum í Suðaustur Noregi árið 2011, en hún flutti þá heim og kenndi við Höfðaskóla á Skagaströnd í fimm ár. Þá hóf hún störf hjá Hjallastefnunni sem skólastýra árið 2015 og hefur séð um innleiðingu stefnunnar í tveimur leikskólum, nú í Árbæ á Selfossi.

María Ösp er einnig frumkvöðull innan samfélagslegrar nýsköpunar og er einn stofnandi Opna leikskóla **Memmm Play**, en hann starfar á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu og býður upp á þjónustu, stuðning og fræðslu fyrir fjölskyldur ungra barna sem ekki eru byrjuð á leikskóla.

María Ösp brennur fyrir velferð fjölskyldna, gæðaumönnun og menntun allra barna og því að hvert einstaka barn upplifi kærleika, jafnrétti og skapandi umhverfi alla daga í leikskólanum Árbæ.

---

# SKÓLAPRÆÐIR

TÍMABIT SAMTARA ARDUAFÓLKS OG SKÓLAFÓLKS

GREIN BIRT 26. DESEMBER 2024